

Velferðarsjóður barna á Íslandi



Mentorverkefnið Vinátta Þróunaráætlun 2004-2007

Elín Þorgeirsdóttir
Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir
Þórunn Steindórsdóttir

Reykjavík 2004

© 2004 Velferðarsjóður barna á Íslandi

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt í hluta eða heild, án skriflegs leyfis Velferðasjóðs barna á Íslandi.

Efnisyfirlit

ÞRÓUNARÁÆTLUN 2004-2007	4
FJÖLGUN FRAMHALDSSKÓLA	4
FJÖLGUN GRUNNSKÓLA	5
ÁUKIÐ ÖRYGGI GRUNNSKÓLABARNA	6
FÆRA KENNSLU NÁMSKEIÐS YFIR Á KENNARA VIÐKOMANDI SKÓLA	6
NÁNARA SKIPULAG	6
NÁMSMAT	7
AÐ FESTA VERKEFNIÐ Í SESSI	8
VERKEFNISSTJÓRN	9
ENDURNÝJUN HUGMYNDA	10
KOSTNAÐARÁÆTLUN	10
HEIMILDIR	11

Mentorverkefnið Vinátta

Þróunaráætlun 2004-2007

Mentorverkefnið Vinátta hófst árið 2001 og hefur Velferðarsjóður barna á Íslandi rekið það frá upphafi. Velferðarsjóður barna var stofnaður árið 2000 af Íslenskri erfðargreiningu og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Markmið sjóðsins er að hlúa að hagsmunamálum og velferð barna á Íslandi.

Stofnandi og verndari Mentorverkefnisins Vinátta á Íslandi er Valgerður Ólafsdóttir, M.A. í þróunarsálfræði. Mentorverkefnið Vinátta hófst sem þriggja ára tilrauna- og þróunarverkefni í samvinnu við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og tvo grunnskóla í Reykjavík.

Allt frá upphafi hefur verið unnið að þróun verkefnisins og er áætlað að sífelld þróunarvinna eigi sér stað. Upphafsárið 2001-2002 voru þátttakendur 70 og komu úr tveimur háskólum og tveimur grunnskólum í Reykjavík. Skólaárið 2004-2005 taka þrjú háskólar þátt, tveir í Reykjavík og einn á Akureyri, tveir framhaldsskólar, einn í Reykjavík og einn á Akureyri. Grunnskólarnir eru tíu, sex í Reykjavík, einn í Hafnarfirði, einn í Mosfellsbæ og tveir á Akureyri. Þátttakendur skólaárið 2004-2005 eru um 173 talsins. Þannig hefur þátttökuskólum, mentorum og grunnskólabörnum fjölgað og staðið fleirum til boða en upphaflega. Eitt af upphaflegum markmiðum verkefnisins var að þátttaka stæði sem flestum grunnskólabörnum á aldrinum 7-12 ára um allt land til boða og miðað er að enn meiri fjölgun þátttakenda. Í þessari þróunaráætlun verður fjallað um möguleika verkefnisins til enn frekari útbreiðslu bæði hvað varðar fjölda barna og til fleiri landshluta. Einnig verður fjallað um möguleika til að festa verkefnið í sessi í íslensku samfélagi þannig að það verði hluti af framboði skóla.

Fjölgun framhaldsskóla

Skólaárið 2004-2005 taka tveir framhaldsskólar þátt í verkefninu. Reynsla fyrri ára sýndi að þátttaka framhaldsskólanema skilaði góðum árangri. Með því að fá framhaldsskólanema til þátttöku í verkefninu gefst kostur á að koma því fyrir á sem flestum stöðum á landinu og bjóða grunnskólanemum þátttöku á stöðum þar sem háskólar eru ekki til staðar. Með því að bæta framhaldsskólum við fjölgar mentorum til muna og eykur það möguleika grunnskólabarna til þátttöku. Með því að setja

verkefnið í framhaldsskóla fækkar sjálfstætt starfandi umsjónarmönnum á vegum verkefnisstjórnar þar sem gert er ráð fyrir að umsjón verði í höndum kennara hvers skóla. Kostir þess að færa umsjón til kennara skólanna eru meðal annars að kennarar eiga auðveldara með að nálgast nemendur, val á mentorum verður auðveldara sem og allt skipulag. Kennarinn er á staðnum svo auðvelt er fyrir nemendur að nálgast hann. Þar með verður handleiðsla og allt utanumhald persónulegt og skilvirkt. Auk þess mætir slíkt námskeið markmiðum Aðalnámskrár (1999) um samtengingu fræða og samfélags. Kennsla í samfélagsgreinum í framhaldsskólum fjallar um manninn og athafnir hans. Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemendur læsa á umhverfi sitt, samfélag og menningu, auðvelda þeim að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa sig undir frekara nám og starf (Aðalnámskrá framhaldsskóla, samfélagsgreinar; 1999). Með því að færa verkefnið inn í skóla sem sérstakt námskeið eru auknar líkur á að það nái fótfestu í samfélaginu því framhaldsskólarnir gera ákveðnar gæðakröfur til þeirra námskeiða sem þeir bjóða upp á.

Því er áætlað að fjölga framhaldsskólum enn frekar og að þremur árum liðnum verði þátttökuframhaldsskólarnir fjórtán. Stefnt er að því að fimm verði utan höfuðborgarsvæðisins. Hugsanlegir þáttökuskólar á landsbyggðinni eru Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Framhaldsskólinn á Húsavík og Fjölbrautarskóli Suðurlands. Einnig er miðað að fjölgun framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og eru hugsanlegir skólar þar Fjölbrautarskólinn í Breiðholti, Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Sund, Fjölbrautarskólinn við Ármúla, Borgarholtsskóli og Flensborg í Hafnarfirði. Viðræður við nokkra þeirra skóla eru þegar hafnar. Stefnt er að því að fjölga framhaldsskólum um fjóra á ári.

Fjölgun grunnskóla

Skólaárið 2004-2005 taka 10 grunnskólar á landinu þátt í verkefninu. Skólarnir eru Austurbæjar-, Fella-, Háteigs-, Hólabrekku-, Langholts- og Selásskóli í Reykjavík, Setbergsskóli í Hafnarfirði, Varmárskóli í Mosfellsbæ og Lundar- og Brekkuskóli á Akureyri. Stefnt er að því að fjölga grunnskólum í samræmi við fjölgun framhaldsskóla. Í þeim byggðarlögum sem framhaldsskólar taka þátt í verkefninu verður grunnskólum boðin þátttaka. Fjölgun grunnskólanema verður í samræmi við fjölgun mentora.

Aukið öryggi grunnskólabarna

Val á mentorum er mikilvægt ferli. Þegar velja skal mentor til þátttöku í mentorverkefni er að mörgu að hyggja. Við valið eru nokkrir þættir sem þurfa að vera skýrir. Mentor þarf að skuldbinda sig út verkefnistímann, hann þarf að hafa áhuga á hlutverkinu, vera ábyrgur og geta sett sig í spor barnsins sem hann tekur að sér. Hann þarf að vera þolinmóður og meðvitaður um að vera fyrirmynd.

Til að velja hæfa einstaklinga til starfsins eru umsækjendur beðnir að fylla út starfsumsókn. Í framhaldi af því eru tekin viðtöl við umsækjendur og möguleikar þeirra á starfinu metnir út frá því. Mentorar eru krafðir um þrjá meðmælendur sem verkefnisstjórn getur haft samband við. Þannig er mögulegt að velja þá hæfustu sem gera sér grein fyrir því hvað felst í að vera mentor. Ef val á mentorum er vandað er öryggi barnsins/ungmennisins tryggara (Sipe, 1998).

Til að tryggja enn frekar öryggi barna í verkefninu er áætlað að fá leyfi og umboð tilvonandi mentora til að athuga sakaskrá þeirra. Einnig verður hver mentor að fá skrifleg meðmæli frá þremur aðlilum. Þetta verður tekið inn í kostnað fyrir árið 2005-2006.

Hvert sakavottorð kostar kr. 1200.-

Færa kennslu námskeiðs yfir á kennara viðkomandi skóla

Verkefnisstjórn Vináttu hefur hingað til kennt námskeiðið á háskólastigi en kennarar í framhaldsskóla hafa séð um kennslu þar. Áætlað er að færa alla kennslu til skólanna, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi. Stefnt er að því að þátttökuskólar sjái alfarið um kennslu og utanumhald á verkefninu eftir námskeiðslýsingu hvers skóla. Það felur í sér umsjón með mentorum, handleiðslu þeirra, samskipti við tengiliði grunnskóla og tengsl við verkefnisstjórn mentorverkefnisins Vináttu. Miðað er við að unnið verði eftir hugmyndafræði og markmiðum mentorverkefnisins og mun verkefnisstjórn hafa umsjón með faglegri ráðgjöf til skóla/kennara.

Nánara skipulag

Einn kennari mun halda utan um mentora viðkomandi skóla og veita handleiðslu, fara yfir umsóknir, dagbækur og lokaverkefni. Allir fyrirlestrar fara fram í viðkomandi framhaldsskóla/háskóla Hlutverk kennara felst einnig í því að leggja mat á vinnu nemenda yfir veturinn.

Kennsla á námskeiðinu fer fram allt skólaárið og er námskeiðið metið til þriggja eininga. Veigamesti þáttur námskeiðsins eru samverustundir mentors og barns sem telja þrjár klukkustundir á viku yfir skólaárið, alls 84 - 90 klst. Kennslan er ekki með hefðbundnum hætti heldur verða haldnir mánaðarlegir fyrirlestrar eða fundir alls átta skipti, 16 kennslustundir:

- Kennari heldur fimm fyrirlestra með hefðbundnu sniði þar sem ákveðið efni veður til umfjöllunar.
- Kennari tekur eitt einstaklingsviðtal við hvern nemanda fyrir sig þegar mánuður er liðinn af starfstíma mentors með barninu.
- Kennari heldur tvo hópfundi á tímabilinu, einn á haustönn og annar á vorönn.

Mentorar skila dagbókum mánaðarlega til kennara þar sem samvistir nemenda og barna eru skráðar sem og mat nemenda á hvernig samskiptin ganga. Í lok námskeiðs skila nemendur lokaskýrslu, sem er samantekt á vinnu þeirra á skólaárinu ásamt öllum dagbókarfærslum og öðrum verkefnum sem unnin hafa verið í námskeiðinu. Safn þessara gagna er ferilsmappa nemandans sem kennari leggjur mat á.

Námsmarkmið mentorverkefnissins verða metin með stöðluðum hætti í hverjum skóla.

Námsmat

- Samvera með grunnskólabarni 3 klst. á viku eitt skólaár (50%)
- Dagbókarskil á mánaðarfresti (20%)
- Viðvera og þátttaka í 16 kennslustundum þar sem fram fara m.a. fyrirlestrar, einstaklingsviðtöl við hvern og einn, 2 hópfundir í 5-10 manna hópum.(20%).
- Nemendur skila lokaskýrslu og ferilsmöppu með dagbókum og unnum verkefnum í lok námskeiðs (10%)

Nemendur þurfa að standast alla þætti námsmats til að geta lokið námskeiðinu.

Út frá þessu er hægt að meta hvort námsmarkmið sem sett voru fram í byrjun hafi náðst, það er að nemendur hafi:

- þroskað félagslega færni
- þroskað sköpunarhæfni

- aukið þekkingu sína á þjóðfélaginu
- aukið skilning á stöðu sinni og annarra í þjóðfélaginu
- fengið tækifæri til að verða fullorðin jákvæð fyrirmynd í lífi grunnskólabarns
- lært að skilja heim grunnskólabarna og fengið tækifæri til að skoða sig í nýjum aðstæðum
- þjálfast í að setja sér markmið í upphafi um skipulag vetrar
- þjálfast í að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og lært að meta eigin frammistöðu á gagnrýninn hátt við úrvinnslu dagbókar og nota heimildir við lokaskýrslu

Ef markmið er að meta vinnubrögð og áhuga nemenda þarf að meta vinnu nemenda á námsferlinu en ekki lokaafurð (verkefni og/eða próf) sérstaklega. Þetta má gera með því að fylgjast með vinnunni milliliðalaust svo sem með einstaklingsviðtölum og hópfundum. Einnig má meta vinnu nemenda með því að þeir haldi dagbók og skili inn ferilmöppu í lok námskeiðs. Kennsla í félagsgreinum þarf að leggja áherslu á virkan þátt nemenda í námsmati þannig að þeir beri ábyrgð á eigin námi með t.d. sjálfs- og jafningjamati (Aðalnámskrá framhaldsskóla, Almennur hluti, 1999). Ef eingöngu er miðað við skriflegt próf í námsmati þá týnast jafnvel mikilvæg atriði sem erfitt er að meta s.s. umræður, samskipti, áhugi, ástundun og virkni í tíma (Erla Kristjánsdóttir, 1989).

Námsmat á þess vegna ef vel á að vera að geta nýst nemendum, foreldrum, kennurum og skólum. Í samræmi við markmið námskeiðsins sem byggir í meginatriðum á að víkka sjóndeildarhring, vitsmuni og tilfinningar nemenda svo að þeir sjái heiminn í nýju ljósi og öðlist dýpri skilning á veruleikanum (Aðalnámskrá framhaldsskóla: Lífsleikni, 1999; Zevin, 1992) var ákveðið að hafa námsmatið stöðugt yfir námstímann.

Að festa verkefnið í sessi

Til að festa mentorverkefnið í sessi er nauðsynlegt að fleiri aðilar komi að verkefninu með það að markmiði að draga úr kostnaði. Mentorverkefnið Vinátta hefur á síðastliðnum árum notið stuðnings margra aðila. Akureyrbær hefur boðið þátttakendum mentorverkefnisins í sund og á skauta. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn hefur boðið þátttakendum á höfuðborgarsvæðinu í garðinn einu sinni á ári. Einkafyrirtæki/íþróttafélög (Sláturfélag Suðurlands, Nói-Síríus, Hrói höttur, Vífilfell, Myllan, Sambíóin, Boxfélag Reykjavíkur, Dominos pizzur á Akureyri o.fl.) hafa

styrkt með gjöfum á lokahátíð og/eða afslætti á vörum sínum. Áætlað er að rekstur verkefnisins verði að stærstum hluta í höndum Velferðarsjóðs barna á Íslandi næstu þrjú árin. Helstu kostnaðarliðir eru laun verkefnisstjóra allt árið, laun annarra í verkefnisstjórn í 9 mánuði á ári, styrkir til mentora og kostnaður vegna túlka- og sérfræðiþjónustu. Draga á úr kostnaði Velferðarsjóðs með því að fá enn fleiri einkafyrirtæki og/eða stofnair til að styrkja verkefnið. Til að mynda með gjöfum á mat og drykk við lokadag og boði í kvikmyndahús/leikhús. Einnig er áætlað að sveitarfélög styðji verkefnið með því að bjóða þátttakendum þjónustu stofnana/fyrirtækja sveitarfélaga endurgjaldslaust eða með afslætti. Íþróttafélög og aðra tómsundastarfsemi væri mögulegt að kynna með því að bjóða grunnskólabörnum sem þátt taka í mentorverkefninu upp á prufutíma eða þess háttar.

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn samanstendur af einum verkefnisstjóra sem stýrir faglegri vinnu og hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins. Hlutverk verkefnisstjóra er að miðla upplýsingum til framkvæmdaaðila (umsjónarmanna, kennara, skólastjórnenda og tengiliða skóla o.fl.). Verkefnisstjóri tekur saman tölulegar upplýsingar og hefur eftirlit með framkvæmd og þróun verkefnis í hverjum skóla. Hann sér um að viðhalda gæðum verkefnisins með því að láta meta verkefnið og vinna að þróun þess. Verkefnisstjóri veitir umsjónarmönnum handleiðslu og aðstoð í málum sem upp koma. Verkefnisstjóri situr fundi með umsjónarmönnum einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir gang mála og hvernig verkefnið þróast.

Umsjónarmenn eru fjórir og vinna undir stjórn verkefnisstjóra og er hver þeirra handleiðari og tengiliður 15-30 mentora. Hlutverk umsjónarmanna er að kenna verkefnið á háskólastigi, halda utan um vinnu nemenda og vinna að þróun og framgangi verkefnisins.

Unnið er að breyttu skipulagi fyrir verkefnisstjórn á næstu þremur árum. Hlutverk verkefnisstjórnar verður fyrst og fremst að vera ráðgefandi aðili fyrir framkvæmdaraðila. Auk þess mun verkefnisstjórn halda utan um hugmyndafræði verkefnisins og tryggja að öll þróun þess sé í samræmi við hana. Verkefnisstjórn mun halda úti gagnvirkum náms- og upplýsingabanka tengdri hugmyndafræðinni, eins konar fræðslumiðstöð. Verkefnisstjórn ætti því eftir þrjú ár að samanstanda af verkefnisstjóra, og þremur ráðgefandi aðilum, einum sem hefur sérþekkingu á

grunnskólastigi, einum sem hefur sérþekkingu á framhaldsskólastigi og einum með sérþekkingu á háskólastigi. Stöðugildi verkefnisins eru tvö. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjóri sé í fullu stöðugildi. Hitt stöðugildið skiptist í fjóra hluta, þrjár þeirra eru í formi launa til ráðgefandi aðila. Sá fjórði er ætlaður sem verkefnasjóður fyrir ýmis útgjöld sem tengjast verkefninu svo sem, kostnað vegna þátttakenda verkefnisins, endurmentunar starfsmanna og upplýsingaöflunar.

Endurnýjun hugmynda

Það er mikilvægt fyrir verkefni sem er í stöðugri þróun að fylgjast með þróun sambærilegra verkefna. Það felur meðal annars í sér heimsóknir til þeirra aðila sem halda utan um slík verkefni. Einnig að kynna sér gögn frá öðrum aðilum sem vinna að mentorverkefnum. Talið er mikilvægt að fara í slíkar heimsóknir annað til þriðja hvert ár. Kostnaður við slíkar ferðir verður að hluta greiddur úr verkefnasjóði mentorverkefnisins (fyrir einn aðila).

Kostnaðaráætlun

Laun verkefnisstjóra allt árið	300.000.- á mánuði	3.600.000.- á ári
Laun 3 ráðgefandi aðila 9 mánuði ársins	3x75.000.- á mánuði	2.025.000 á ári
Verkefnasjóður í 9 mánuði á ári	75.000.- á mánuði	675.000.- á ári

Kostnaður á ári alls 6.300.000.-

Inn í kostnaðaráætlun er kostnaður við mentora ekki tekinn. Ef miðað væri við 20.000 á ári fyrir hvern mentor og áætlað að þeir verði um 200 eftir þrjú ár væri kostnaður um 4.000.000. á ári. Þessi fjárhæð væri annað hvort viðbót við annan kostnað eða fengin með öðrum hætti. Ef þessi upphæð væri innifalinn í kostnaðaráætlun væri **kostnaður við verkefnið alls 10.300.000.- á ári.**

Heimildir

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. (1999). *Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla (1999). *Samfélagsgreinar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Erla Kristjánsdóttir (1989). *Álitamál í kennslu frá sjónarhóli fjögurra námsgreina*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands og Iðunn.
- Sipe, C. (1998). Mentoring Adolescents: What Have We Learned. *Contemporary Issues in Mentoring*, bls. 10-23. P/PV. Public/Private Ventures. Philadelphia.
- Zevin, J. (1992). *Social studies for the Twenty-first century*. New York & London: Longman.